

Sp.

396. Fyrirspurn

[204. mál]

til fjármálaráðherra um ríkisstofnanir og ráðuneyti.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Óskað er sundurliðunar á útgjaldaliðum eftirtalinna ríkisstofnana og ráðuneyta á árinu 1980 í samræmi við það sem tilgreint er í lið 2—3 og 4:
 - a) Póstur og sími.
 - b) Rafmagnsveitur ríkisins.
 - c) Vegagerð ríkisins.
 - d) Orkustofnun.
 - e) Landsvirkjun.
 - f) Ríkisspítalarnir.
 - g) Háskóli Íslands.
 - h) Flugmálastjórn.
 - i) Ríkisútvarpið (hljóðvarp og sjónvarp).
 - j) Einstök ráðuneyti.
 - k) Ríkisbankarnir.
2.
 - a) Heildarlaunagreiðslur.
 - b) Föst yfirvinna.
 - c) Önnur yfirvinna.
 - d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
3. Enn fremur óskast sundurliðaður bifreiðakostnaður sem færður er til rekstrar-gjalda með tilliti til eftirfarandi atriða:
 - a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður.
 - b) Notkun bílaleigu- og leigubifreiða.
 - c) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.
4. Sundurliðun á risnukostnaði á árinu 1980.

Skriflegt svar óskast.